

TÖLVULEIKIR

Tölvuleikjamarkaðurinn þenst út

Skóli
Önn
Áfangi

Kennari: Nafn kennara

Nafn nemanda
Kennitala

Efnisyfirlit

	Bls.
1 NETTENGDIR LEIKIR	3
1.1 POKÉMON	3
2 TÖLVULEIKJAIÐNAÐURINN.....	4
2.1 VÉLBÚNAÐUR	4
2.2 VELTUTÖLUR Í TÖLVULEIKJAIÐNAÐI.....	4
3 CANDY CRUSH	5
3.1 GERÐIR TÖLVULEIKJA	5
3.2 EVE ONLINE.....	5
4 MUSEUM OF MODERN ART Í NEW YORK	6
4.1 TÖLVULEIKIRNIR FJÓRTÁN.....	6
5 HEIMILDIR	7

Töfluyfirlit

TAFLA 3.1: NOKKRAR GERÐIR TÖLVULEIKJA

Myndayfirlit

MYND 1.1: POKEMON

MYND 2.1: SPILAKASSI

MYND 3.1: CANDY CRUSH

1 Nettengdir leikir

Nettengdur leikur er skilgreindur sem stafrænn leikur sem krefst sí tengingar við netið til að hægt sé að spila hann. Í því felast ekki eingöngu leikir sem fara fram á internetinu heldur einnig þeir sem spilaðir eru á leikjastjórnborðum, í farsímum eða á jafningjaneti. Í netritinu GamesIndustry International kemur meðal annars fram að vinsælasti netleikurinn árið 2013 hafi verið suður-kóreski leikurinn CrossFire með tæpan milljarð dala í tekjur.

Leikur	Milljónir US\$	Milljarðar ísl. kr.
1. CrossFire	957	108,51
2. League of Legends.....	624	70,7
3. Dungeon Fighter Online.....	426	48,3
4. World of Tanks.....	372	42,22
5. Maplestory.....	326	37,0
6. Lineage.....	257	29,15
7. World of Warcraft	213	24,1
8. StarWars: The Old Republic	139	15,8
9. Team Fortress 2.....	139	15,8
10. CounterStrike Online.....	121	13,7

1.1 Pokémon

Nýjasta æðið í heiminum er Pokémon Go. Í þessu gríðarlega vinsæla snjallsímaforriti eltast Pokémon-veiðimenn við figúrurnar vinsælu út um allt og reyna að grípa þær glóðvolgar. Leikurinn hefur notið mikilla vinsælda að undanfögnu og hafa fjölmargir Íslendingar sótt leikinn og eru að safna pókemonum og þjálfa þá.

Pokémon Go er glænýr leikur fyrir iOS og Android snjalltæki. Leikurinn er að valda algeru fári og er búinn að taka yfir alla fjölmiðla. Leikurinn er hannaður af Niantic í Bandaríkjunum og er mjög svipaður Ingress leiknum frá þeim. Pokémon + Google Earth + Snjallsími. Safna á Pokémon dýrum með því að nota símann sem aðra útgáfu af raunveruleikunum. Staðsetning tækisins og tími dags stýrir helstu atriðum leiksins, eða hvar og hvenær dýrin birtast.

Leikurinn gengur út á að safna Pókemonum, en þá má finna víðs vegar um landið. Sá sem leikur leikinn verður að ferðast á fæti um svæði landsins til þess að spila leikinn og því er ekki hægt að spila hann í sófanum heima. Leikurinn krefst þess einnig af þátttakendum að þeir vinni saman en þátttakendum er skipt í þrjú lið, rautt, gult og blátt. Bláa liðið er vinsælast meðal íslenskra Pokémon-spilara, en það gula er fámennast. Svokallaðar stöðvar og pokéstopp eru víða sem spilarar þurfa að heimsækja. Á pokéstoppunum geta spilarar nálgast ýmsar nytjavörur á borð við pokékúlur, sem notaðar eru til að fanga Pokémona, en stöðvarnar eru staðir sem spilarar geta komið sínum Pokémonum fyrir á og tekið yfir stöðina fyrir sitt lið. Ólíka Pokémona má finna á ólíkum stöðum sem taka mið af aðstæðum í raunheiminum, svo sem hita- og rakastigi. Sem dæmi finnast svokallaðir Vatna-Pokémonar í nálægð við vatn.



Mynd 1.1: Pokemon

2 Tölvuleikjaiðnaðurinn

Tölvuleikjaiðnaðurinn er sá skemmtanaíðnaður sem er í hvað hröðustum vexti. Hvað varðar tekjur er hann kominn fram úr kvikmynda-, bóka- og tónlistariðnaðinum og í dag er aðeins sjónvarpsiðnaðurinn stærri. Hluti af þeirri skýringu er hversu aðgengilegir tölvuleikir eru orðnir.

Í upphafi voru þeir bundnir við spilakassa. Svo komu leikjatölvur tengdar við sjónvarp, borðtölvur og handtölvur. Loks símar og spjaldtölvur. Leikirnir eru eins mismunandi og þeir eru margir. Allt frá dúkkúlísu hönnunarleikjum til epískra geimstríða og allir ættu að gera fundið eitthvað við sitt hæfi. Hér eru 10 af allra bestu og áhrifamestu tölvuleikjunum í gegnum tíðina.

2.1 Vélbúnaður



Mynd 2.1: spilakassi

Tölvuleikir eru spilaðir á margs konar vélbúnaði. Algengustu gerðir eru heimilis-tölvur eða leikjatölvur. Á síðustu árum hefur sú þróun átt sér stað að raftæki sem áður fyrr notuðust ekki við hugbúnað hafa í sífelld meiri mæli notast við hugbúnaðarlausnir. Þar af leiðandi er hægt að spila tölvuleiki á enn fleiri miðlum en áður. Sem dæmi um vélbúnað sem getur spilað tölvuleiki en er ekki sérhannaður til þess eru farsímar, lófatölvur, grafískar reiknivélar, GPS-tæki, MP3-spilarar, stafrænar myndavélar og úr. Spilakassaleikir voru eitt sinn meðal vinsælustu gerðum tölvuleikja. Til voru svokallaðir spilakassasalir sem buðu upp á marga spilakassa þar sem notandinn gat valið á milli. Þessir leikir voru margir og með mun betri grafik en venjuleg tölva eða leikjatölva gat boðið upp á.

2.2 Veltutölur í tölvuleikjaiðnaði¹

Greiningarfyrirtækið Gartner gerði undir lok síðasta árs ráð fyrir að stærð tölvuleikjamarkaðarins, þar sem horft er til tölvuleikja af öllu tagi og á hvers kyns tækjum, næmi árið 2013 tæplega 93,3 milljörðum Bandaríkjadala. Upphæðin samsvarar rúmum 10.576 milljörðum íslenskra króna. Fyrirtækið gerir í áætlun sinni ráð fyrir vexti upp á tæp 18,3 prósent á milli 2012 og 2013.

Tölvuleikir á netinu og í PC-tölvum verða vinsælir áfram en þeim geira eru þó skorður settar í stærð. Gartner býst við að hefðbundnum PC-tölvum verði ekki skipt út fyrir nýjar þegar kemur að endurnýjun hjá heimilum, heldur verði spjaldtölvur fremur fyrir valinu.

Þetta leiðir til þess að leikjatölvur og leikir fyrir fartæki ná afgerandi forystu á „hefðbundna“ tölvuleiki fyrir einkatölvur. Samkvæmt gögnum Superdata Research, sem gefur út margvíslega tölfræði fyrir leikjaiðnaðinn, námu tekjur af stafrænum leikjum á Vesturlöndum 21,8 milljörðum dala á síðasta ári og jukust um 12 prósent á milli ára. Í krónum eru tekjurnar tæpir 2.472 milljarðar króna. Tölvuleikjasala í Bandaríkjunum einum hafi numið 18 milljónum dala (2.041 milljarði króna), en þar af hafi 65,6 prósent farið fram á netinu með stafrænni afhendingu.

¹ Tölvuleikir á fartækjum (t.d. snjallsímum og spjaldtölvum) eru sagðir sá geiri þar sem vöxtur er hvað hraðastur í leikjaiðnaði.

3 Candy Crush

Candy Crush er einhver vinsælasti netleikur heims um þessar mundir. Framleiðandinn, King Digital Entertainment, undirbýr hlutafjárútböð þar sem safna á allt að 500 milljónum dala (56,7 milljörðum króna). Leikirnir sem mest voru sóttir í fartæki Apple á netinu í fyrra hafi svo verið Candy Crush Saga þegar horft er til ókeypis leikja og Minecraft þegar horft er til leikja sem greiða þarf fyrir. Superdata Research spáir líka hnignun sértækra leikjatölva og bendir á að í fyrra hafi 51 prósent leikið sér í einkatölvum, 30 prósent í leikjatölvum, 14 prósent í fartækjum og fimm prósent í smærri leikjatölvum (GameBoy og þess háttar).



Mynd 3.1: Candy Crush

Í nýrri spá alþjóðlega greiningarfyrirtækisins IDC er því spáð að tekjur af tölvuleikjum fyrir einkatölvur (PC og Mac) haldi áfram að vaxa í heiminum og fari yfir 24 milljarða dala (yfir 2.721 milljarð króna) árið 2017. Þar ráði miklu aukning í Asíu og á Kyrrahafssvæðinu. Spár fjárfestingarbankans Digi-Capital, þar sem horft er til tölvuleikjamarkaðar í heild, eru svo enn bjartsýnni. Þar er gert ráð fyrir að leikir á netinu og í fartæki nái yfirhöndinni með 60 prósent hlutdeild árið 2017 og að tekjur af stafrænum leikjum fari um leið yfir 100 milljarða dala. Eftir nokkru er að slægjast í þessari þróun því í krónum talið er kakan þá orðin tæplega 11.340 milljarðar króna að stærð.

3.1 Gerðir tölvuleikja

Tafla 3.1: Nokkrar gerðir tölvuleikja

Allir tölvuleikir eiga það sameiginlegt að einhver maður eða hópur manna skrifar forrit sem síðan er keyrt á tölvum. Leikurinn bregst síðan við því sem notandinn gerir á fyrirfram ákveðinn hátt.

Hasarleikir	Herkænskuleikir
Hlutverkaleikir	Íþróttaleikir
Spilakassaleikir	Þrautaleikir
Ævintýraleikir	Bílaleikir

3.2 EVE Online²

EVE Online er íslenskur fjölnotendanetspunaleikur. Hann kom fyrst út árið 2003 og er þróaður og rekinn af fyrirtækinu CCP. Leikurinn er sérstakur heimur með eigið hagkerfi og gjaldmiðil, samfélög og þjóðir, fyrirtæki og valdablokkir sem þrífast í þúsundum sólkerfa í órafjarlægð frá lífi okkar hér á jörðinni.

Í leiknum verða til atburðir á degi hverjum sem hafa áhrif á hundruðir þúsunda manna um heim allan. Atburðarás leiksins er hönnuð af spilurunum sjálfum, m.a. í gegnum lýðræðislega kjörið ráð spilara sem kosið er árlega í lýðræðislegum kosningum.

Fyrirtækið CCP var stofnað árið 1997. 11. nóvember árið 2006 var tilkynnt að CCP myndi sameinast bandaríska fyrirtækinu White Wolf. Skammstöfunin CCP stendur fyrir Crowd Control Productions.

² Tölvuleikur CCP „Eve Online“ var í fyrsta sæti í flokki afþreyingar og leikja í samkeppni Sameinuðu þjóðanna um bestu stafrænu lausnirnar, World Summit Award, árið 2013.

4 Museum of Modern Art í New York

Íslenski tölvuleikurinn EVE Online, sem margoft hefur verið verðlaunaður fyrir fallega grafíska hönnun, hefur hlotið enn einn heiðurinn, en EVE er einn fjórtán leikja sem valdir hafa verið til sýningar í Museum of Modern Art í New York sem er eitt af virtustu listaverkasöfnum í heiminum.

4.1 Tölvuleikirnir fjórtán

- **Another World** Ævintýraleikurinn Another World kom út árið 1991 og þótti grafíkin nýstárleg og kvikmyndaleg.
- **Canabalt** Í Canabalt, sem kom út árið 2009, hleypur persónan endalaust til að forðast hryllilegan dauðdaga. Í kjölfarið komu út ótaldar eftirlíkingar af leiknum.
- **Dwarf Fortress** Þrátt fyrir mjög einfalda grafík þykir leikurinn Dwarf Fortress, sem kom út árið 2006, flókinn og stórskemmtilegur.
- **EVE Online** Leikurinn kom fyrst út árið 2003 og er eini fjölspilaraleikurinn sem verður á sýningunni, enn sem komið er að minnsta kosti.
- **fIOW** Í leiknum fIOW, sem kom út árið 2006, er spilarinn í hlutverki einfaldrar lífveru sem vex og þroskast með því að éta aðrar og smærri verur.
- **Katamari Damacy** Í japanska leiknum Katamari Damacy, sem kom út árið 2004, þarf söguhetjan að smíða stjörnur og tunglið, sem faðir hennar hafði eyðilagt fyrir slysi.
- **Myst** Tölvuleikurinn Myst kom út árið 1993 og var mest seldi PC tölvuleikur þar til The Sims tók fram úr honum árið 2002.
- **Pac-Man** Pac-Man kom fyrst út árið 1980 og er meðal best þekktu tölvuleikja sögunnar.
- **Passage** Passage, sem kom út árið 2008, er mjög einfaldur grafískt séð og tekur aðeins fimm mínútur að spila. Í honum er aftur á móti tekið á mjög alvarlegum málum, lífi, dauða og kostum og göllum hjónabandsins.
- **Portal** Fáir leikir hafa vakið jafnmikla athygli við útgáfu og Portal, sem kom út árið 2007. Línur úr leiknum urðu hluti af orðfæri internetsamfélagsins, sem fékk að vita það að kakan er lygi.
- **SimCity 2000** Þrátt fyrir nafnið kom SimCity 2000 út árið 1994. Spilari tekur að sér að byggja upp og skipuleggja ímyndaða borg og hefur leikurinn notið gríðarlegra vinsælda.
- **Sims** Leikjajötuninn Sims sló rækilega í gegn þegar hann kom út árið 2000 og seldist leikurinn og viðbætur við hann í tugum milljóna eintaka.
- **Tetris** Rússneski leikurinn Tetris kom út í Rússlandi árið 1984 og sló í gegn á heimsvísu.
- **Vib Ribbon** Í leiknum Vib Ribbon, sem kom út árið 1999, þarf spilarinn að hjálpa kanínunni Vibri á áfangastað, en þroskuldarnir í veginum ráðast af því hvaða tónlist er leikin á meðan leikurinn er spilaður.

Dagsetningin í dag

Nafnið þitt (skáletrað)

5 Heimildir

Kristinn Haukur Guðnason. 2017. Topp 10: Tölvuleikir. *Kjarninn*, 21. janúar. Sótt 4. ágúst 2019 af <https://kjarninn.is/skyring/2017-01-21-topp-10-tolvuleikir/>

Wikipedia. Frjálsa alfræðiritið. 2018. Tölvuleikur. 4. september. Sótt 4. ágúst 2019 af [//is.wikipedia.org/w/index.php?title=T%C3%B6lvuleikur&oldid=1606372](https://is.wikipedia.org/w/index.php?title=T%C3%B6lvuleikur&oldid=1606372)

Wikipedia. Frjálsa alfræðiritið. 2016. Eve Online. 1. desember. Sótt 4. ágúst 2019 af [//is.wikipedia.org/w/index.php?title=EVE_Online&oldid=1545645](https://is.wikipedia.org/w/index.php?title=EVE_Online&oldid=1545645)